

## 14. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 31. mars 2015, A sal ÍSÍ í Laugardal

**Mættir eru:** Arnar Ólafsson, formaður, Einar Ólafsson, varaformaður, Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri og Kristín Ívarsdóttir, ritari. Kristinn Arason, meðstjórnandi boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnafulltrúar, Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála, Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mótamála og Sæunn Viggósdóttir, nefndarmanneskja í tækninefnd Fimleika fyrir alla.

Einar Ólafsson, setti fundinn kl. 19:38 og tók að sér fundarstjórn.

### Til samþykktar

#### 1. Erlendir dómara – erindi frá tækninefnd í hóp fimleikum

THF óskar eftir því að fá erlenda dómara á Íslandsmótið í hóp fimleikum. Sjaldan eða aldrei hefur keppnin verið jafn hörð og spennandi og núna þetta árið. Það verður hörkukeppni bæði í deildarkeppni en jafnt er bæði í flokki kvenna og blandaðra liða. Um Íslandsmeistaratitilinn verður líka hart barist og verða úrslit ekki ljós fyrir en eftir síðasta áhald. Við eigum mjög marga flotta dómara sem sinna starfi sínu mjög vel og ber það að þakka. Við óskum hins vegar eftir áframhaldandi samvinnu og samstarfi við norrænu þjóðirnar en undanfarin ár höfum við fengið til liðs við okkur erlenda gestadómara ýmist einn eða tvo. Kostnaður við verkefnið hefur verið í kringum 100-150 þúsund krónur og ætti það ekki að vera öðruvísi núna.

Þegar erlendir dómara mæta á Íslandsmót verður allt á hærra plani. Dómara vanda vinnubrögð sín enn frekar og öðlast reynslu við þátttöku á dómara fundi sem fram fer á erlendri tungu. Undanfarin ár hefur verið mikil ánægja með þessa gesti á Íslandsmót og teljum við að það sé íþróttinni til framdráttar. Eins og áður verður Íslandsmótið í beinni útsendingu á RUV.

Við höfum fengið 2 erlenda gestadómara frá árinu 2009 á Íslandsmót í hóp fimleikum, það getur skipt miklu máli varðandi hlutleysi, þetta hefur mælst vel fyrir. Ýtir jafnframt undir samstarfs milli norðurlandanna. Kostnaðurinn er rétt 100.000-150.000 kr.

**Niðurstaða:** Stjórn samþykkir erindið og er til í að taka þátt í þessum kostnaði.

#### 2. Invitation Joint TeamGym Technical Meeting

Evrópska tækninefndin er að boða sambandsaðila UEG á sameiginlegan tækninefndar fund í hóp fimleikum sem fram fer dagana 17. - 19. júlí 2015 á Ítalíu. Tilgangur fundarins er að skiptast á hugmyndum og að ræða þær áskoranir sem tengjast framtíð hóp fimleikanna. Fókussinn er settur á langtíma þróun íþróttarinnar. Það kostar 80 evrur á manninn að taka þátt og svo þyrfti að greiða flug og gistingu.

Þarna tekin ákvörðun um framtíð greinarinnar. Fáum að senda 2 frá okkur.

**Niðurstaða:** Framkvæmdastjóri mun reikna upp kostnaðinn og sendir frá sér kostnaðaráætlun á stjórn í næstu viku sem mun annað hvort samþykkja eða ekki.

#### 3. Landslið fyrir Evrópumótið í áhaldafimleikum

Þann 24. mars 2015 samþykkti stjórn val landsliðsþjálfara á Evrópumótið í áhaldafimleikum sem fram fer í Frakklandi 13. - 19. apríl 2015 og er það hér með bókað. Landsliðið var skipað á eftirfarandi hátt:

**Landslið kvenna skipa, í stafrófsröð:**

Andrea Ingibjörg Orradóttir - Gerpla

Dominiqua Alma Belányi - Ármann

Norma Dögg Róbertsdóttir - Gerpla

Thelma Rut Hermannsdóttir - Gerpla

Til vara: Tinna Óðinsdóttir - Gerpla

Þjálfarar: Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sandra Dögg Árnadóttir

Dómarar: Berglind Pétursdóttir og Hlín Bjarnadóttir

**Landslið karla skipa, í stafrófsröð:**

Bjarki Ásgeirsson - Ármann

Hrannar Jónsson - Gerpla

Jón Sigurður Gunnarsson - Ármann

Valgarð Reinhardsson - Gerpla

Til vara: Hróbjartur Pálmar Hilmarsson

Þjálfari: Guillermo Alvarez

Dómarar: Anton Þórólfsson og Björn Magnús Tómasson

Fararstjóri í ferðinni er Hildur Ketilsdóttir.

**Önnur mál****1. Íslandsmót í áhaldafimleikum**

Rætt um Íslandsmót í þrepum og frjálsum æfingum. Stjórn Fimleikasambandsins vil koma á framfæri þökkum til Fimleikadeildar Ármanns fyrir glæsileg mót.

Fundi slitið 20:11.

Næsti fundur þriðjudaginn 14. apríl 2015.

Eva Hrund Gunnarsdóttir ritaði fundinn.